



Tillaga að deiliskipulagi smávirkjunar í Svartá við Vaðöldu í Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 26. janúar s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi 8-10 kW smávirkjunar (heimarafstöðvar) sem Neyðarlínan ohf fyrirhugar að setja upp í Svartá við Vaðöldu í Skútustaðahreppi. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að hliðarfarvegur Svartár verði stíflaður með 1,5 m langri og 1 m hárrí forsteyptri einingu án lónmyndunar og niðurgrafin pípa um 180 m löng og 0,5 m í þvermál verði lögð þaðan að stöðvarhúsinu. Áætluð stærð rafstöðvarhúss er að hámarki 6 m² og frá því verður plægður niður um 4,5 km langur jarðstrengur að núverandi fjarskiptastöð á Vaðöldu. Tilgangurinn með fyrirhugaðri framkvæmd Neyðarlínunnar ohf er að auka rekstraröryggi fjarskiptastöðvarinar og draga úr hljóð- og loftmengun, lækka rekstrarkostnað en einnig ekki síst til að draga úr líkum á óhöppum við flutning á olíu, en stöðin er nú aflvædd með sígengis-olíurafstöð sem staðsett er í fjarskiptahúsinu á Vaðöldu.

Tillöguuppdráttur með greinargerðum mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 12. febrúar til og með þriðjudeginum 26. mars 2016. Þá eru tillögurnar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.myv.is> undir **Skipulagsauglýsingar** (hnappur á forsíðu).

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út þriðjudaginn 26. mars 2016. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Bjarni Reykjalín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.